

Neytendasamtökin  
Ársreikningur 2017

Hverfisgötu 105  
105 Reykjavík

Kt. 480269-0559

# Efnisyfirlit

---

Áritun óháðs endurskoðanda .....	1
Staðfesting kjörinna skoðunarmanna .....	3
Áritun og skýrsla stjórnar .....	4
Rekstrarreikningur .....	5
Efnahagsreikningur .....	6
Skýringar .....	8

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar Neytendasamtakanna

## Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Neytendasamtakanna fyrir árið 2017. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning þann 31. desember 2017, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2017 og efnahag þess 31. desember 2017 í samræmi við lög um ársreikninga.

## Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda. Við erum óháð Neytendasamtökunum í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur (IESBA Code) og viðeigandi settar siðareglur á Íslandi og höfum uppfyllt önnur ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að meta rekstrarhæfi Neytendasamtakanna og eftir því sem við á, skýra frá þeim atriðum sem varða rekstrarhæfið og notkun forsendunnar um áframhaldandi rekstrarhæfi, nema ætlunin sé að leysa upp fyrirtækið eða hætta starfsemi þess, eða ef enginn annar raunhæfur valkostur er í stöðunni.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

## Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg víska er mikil víska, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær, einar og sér eða samanlagðar, gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins.

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggjum við á faglegri dómgreind og beitum ávallt faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:


- \* Við greinum og metum hættunna á verulegum skekkjum í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- \* Við öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- \* Við metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- \* Við ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun okkar. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- \* Við metum í heild sinni hvort framsetning og uppbygging ársreikningsins, þ.m.t. innihald og skýringar, gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem koma upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem fram koma við endurskoðunina, eftir því sem við á.

## Skýrsla um innihald skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita samkvæmt lögum um ársreikninga og ekki koma fram í skýringum.

Reykjavík 26. október 2018



Ingunn H. Hauksdóttir  
löggiltur endurskoðandi

Ernst & Young ehf.  
Borgartúni 30  
105 Reykjavík

## Staðfesting kjörinna skoðunarmanna

---

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Neytendasamtakanna staðfestum ársreikning 2017 með undirskrift okkar.

Reykjavík, 26. október 2018

  
Hólmfríður Sveinsdóttir  
Hólmfríður Sveinsdóttir

  
Ingimundur T. Magnússon  
Ingimundur T. Magnússon

# Áritun og skýrsla stjórnar

---


Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Neytendasamtökin eru hagsmunasamtök neytenda á Íslandi. Neytendasamtökin eru sjálfstæð og óháð einstaklingum, félögum, fyrirtækjum, samtökum, stjórn málaflökkum og opinberum aðilum. Neytendasamtökin skulu ætíð taka afstöðu til mála í samræmi við hagsmuni neytenda óháð öðrum sjónarmiðum. Fjöldi ársverka voru sjö.

Samkvæmt rekstrarreikningi félagsins var tap ársins 2017 kr. 8.490.382. Hrein eign félagsins í árslok var neikvæð um kr. 4.478.878. Ráðstöfun á afkomu ársins og aðrar eiginfjárbreytingar koma fram í skýringu um eigið fé í ársreikningnum.

Stjórn Neytendasamtakanna staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2017 með undirritun sinni.


Reykjavík, 26. október 2018


  
Varaformaður stjórnar

Stjórn:

 060779-3849

 121269-4229

 1012394709

 2904683398

## Rekstrarreikningur 2017

Rekstrartekjur	Skýr.	2017	2016
Tekjur af aðalstarfsemi .....		54.158.574	52.537.272
Aðrar rekstrartekjur .....		15.842.454	11.496.240
Tekjur vegna ENA verkefnis .....		6.883.918	7.819.108
		<u>76.884.946</u>	<u>71.852.620</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	3	52.633.837	51.425.637
Útgáfu- og dreifingarkostnaður .....		4.660.005	6.591.651
Húsnæðiskostnaður .....		7.055.499	6.142.470
Innheimtukostnaður .....		1.317.617	1.630.188
Annar rekstrarkostnaður .....		11.340.088	8.681.898
Kostnaður vegna ENA verkefnis .....		8.717.621	7.912.456
Afskriftir .....	4	178.290	44.572
		<u>85.902.957</u>	<u>82.428.872</u>
<b>Rekstrartap</b>		(9.018.011)	(10.576.252)
<b>Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld</b>			
Vaxtatekjur .....		444.132	928.663
Vaxtagjöld .....		(293)	(52.031)
Gengismunur .....		83.790	(96.893)
		<u>527.629</u>	<u>779.739</u>
<b>Tap ársins</b>		<u>(8.490.382)</u>	<u>(9.796.513)</u>

# Efnahagsreikningur

Eignir	Skýr.	2017	2016
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	4	0	178.290
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<u>0</u>	<u>178.290</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur og fyrirfram greiddur kostnaður .....		0	450.000
Aðrar skammtímakröfur .....	5	1.068.219	0
Handbært fé .....		424.941	10.901.489
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>1.493.160</u>	<u>11.351.489</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u><u>1.493.160</u></u>	<u><u>11.529.779</u></u>

## 31. desember 2017

### Eigið fé og skuldir

	Skýr.	2017	2016
<b>Eigið fé</b>			
Óráðstafað eigið fé (ójafnað tap) .....	6	(4.478.878)	4.011.504
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>(4.478.878)</u>	<u>4.011.504</u>
<b>Skuldir</b>			
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Aðrar skammtímaskuldir .....	7	5.972.038	7.518.275
<b>Skammtímaskuldir samtals</b>		<u>5.972.038</u>	<u>7.518.275</u>
<b>Skuldir samtals</b>		<u>5.972.038</u>	<u>7.518.275</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>1.493.160</u>	<u>11.529.779</u>

# Skýringar

---

## 1. Upplýsingar um samtökin

Neytendasamtökin eru hagsmunasamtök neytenda á Íslandi. Neytendasamtökin eru sjálfstæð og óháð einstaklingum, félögum, fyrirtækjum, samtökum, stjórnmalaflokkum og opinberum aðilum. Neytendasamtökin skulu ætíð taka afstöðu til mála í samræmi við hagsmuni neytenda óháð öðrum sjónarmiðum. Lögheimili félagsins er að Hverfisgötu 105, 105 Reykjavík.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann byggir á kostnaðarverðisreikningsskilum. Stjórnendur samtakanna hafa metið rekstrarhæfi þeirra og telja að samtökin hafi grundvöll til áframhaldandi starfsemi. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Hann er í íslenskum krónum og allar fjárhæðir eru sýndar í heilum krónum nema þar sem annað er tilgreint.

### Matsaðferðir

Stjórnendur þurfa að meta og taka sértækar ákvarðanir er varða mikilvæga liði ársreikningsins og vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Matsaðferðirnar eiga sér stöð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir, geta við sölu eða aðra ráðstöfun, reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Gengismunur

Færslur í erlendum gjaldmiðlum eru í upphafi færðar á gengi viðskiptadagsins. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á síðasta skráða gengi í árslok. Gengismunur sem myndast vegna þessa er færður í rekstrarreikning.

Gengi í árslok:

	<u>31.12.2017</u>	<u>31.12.2016</u>
EUR .....	124,70	119,46

### Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun ef hún er til staðar. Endurbætur eru eignfærðar ef líklegt er að þær skili félaginu framtíðarhagnaði og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur viðhaldskostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikning þegar til hans er stofnað. Afskriftir eru reiknaðar í samræmi við lög um tekjuskatt.

### Handbært fé

Til handbærs fjár teljast bankainnstæður.

# Skýringar

## Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á upphaflegu viðskiptaverði að teknu tilliti til gengisbreytinga.

## Tekjur

Tekjur af félagsgjöldum og styrktarauglýsingum er færðar þegar þær eru greiddar.

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

### 3. Laun og launatengd gjöld

	2017	2016
Laun .....	49.392.083	49.877.907
Lífeyrissjóður .....	5.227.065	4.675.828
Önnur launatengd gjöld .....	4.852.923	2.418.292
Yfirfært á umsjón með verkefnum .....	(6.838.234)	(5.546.390)
Laun og launatengd gjöld alls .....	<u>52.633.837</u>	<u>51.425.637</u>

Að meðaltali störfuðu um 6,9 starfsmenn hjá félaginu á árinu, en 6,7 árið áður.

### 4. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Tölvubúnaður og innréttingar
Stofnverð 1/1 .....	10.892.301
Afskrifað alls 1/1 .....	(10.714.011)
Afskrifað á árinu .....	<u>(178.290)</u>
Bókfært verð 31/12 .....	<u>0</u>

### 5. Aðrar skammtímakröfur

Aðrar skammtímakröfur greinast þannig:

	2017	2016
Útistandandi vegna ENA verkefnis .....	<u>1.068.219</u>	<u>0</u>

### 6. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Ójafnað tap
Eigið fé 1/1 .....	4.011.504
Tap ársins .....	<u>(8.490.382)</u>
Eigið fé 31/12 .....	<u>(4.478.878)</u>

## Skýringar

---

### 7. Aðrar skammtímaskuldir

Aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:

	2017	2016
Ógreidd laun og launatengd gjöld .....	4.535.560	4.963.963
Aðrar skammtímaskuldir .....	1.436.478	1.112.161
Fyrirframinnheimt vegna ENA verkefnis .....	0	1.442.151
Aðrar skammtímaskuldir samtals .....	<u>5.972.038</u>	<u>7.518.275</u>

### 8. Atburðir eftir reikningsskiladag

Engin atriði hafa komið fram eftir dagsetningu efnahagsreiknings sem krefjast myndu lagfæringa eða breytinga á ársreikningi ársins 2017.

## Sundurliðanir

	2017	2016
<b>Tekjur af aðalstarfsemi</b>		
Innheimt félagsgjöld ársins.....	41.400.533	40.185.000
Styrkir og framlög.....	12.758.041	12.352.272
	<u>54.158.574</u>	<u>52.537.272</u>
<b>Aðrar rekstrartekjur</b>		
Seldar styrktarlínur.....	15.259.142	10.945.500
Seld áskrift.....	0	11.000
Aðrar tekjur.....	583.312	539.740
	<u>15.842.454</u>	<u>11.496.240</u>
<b>Tekjur vegna ENA verkefnis</b>		
Styrkir ríkisins vegna ENA verkefnis.....	3.441.959	3.909.554
Styrkir frá ESB vegna ENA verkefnis.....	3.441.959	3.909.554
	<u>6.883.918</u>	<u>7.819.108</u>
<b>Kostnaður vegna ENA verkefnis</b>		
ENA verkefni, ferðakostnaður.....	719.320	1.294.408
ENA verkefni, laun og launatengd gjöld.....	6.838.234	5.546.390
ENA verkefni, annar kostnaður.....	1.160.067	1.071.658
	<u>8.717.621</u>	<u>7.912.456</u>
<b>Laun og launatengd gjöld</b>		
Laun.....	49.392.083	49.877.907
Ökutækjastyrkur.....	603.460	929.936
Dagpeningar.....	436.515	0
Áunnið orlof, breyting.....	(765.249)	(3.303.545)
Mótframlag í lífeyrissjóð.....	5.227.065	4.675.828
Sjúkra-, orlofs-, & endurmenntunarsjóður.....	648.748	649.534
Tryggingagjald.....	3.782.749	3.933.751
Annar starfsmannakostnaður.....	146.700	208.616
Yfirfært á ENA verkefni.....	(6.838.234)	(5.546.390)
	<u>52.633.837</u>	<u>51.425.637</u>

## Sundurliðanir

	2017	2016
<b>Annar rekstrarkostnaður</b>		
<i>Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður:</i>		
Sími og burðargjöld.....	897.818	808.610
Pappír, prentun og ritföng.....	138.587	245.399
Bækur, blöð og tímarit.....	345.327	278.074
Auglýsingar og kynningarmál.....	48.421	135.518
Endurskoðun og reikningsleg aðstoð.....	1.270.648	1.073.345
Önnur sérfræðipjónusta.....	689.304	372.000
Aðkeyptur akstur.....	129.630	9.920
Rekstur bifreiða.....	933.123	0
Vátryggingar.....	0	165.002
Viðhald áhalda og rekstrarvörur.....	112.126	326.005
	<u>4.564.984</u>	<u>3.413.873</u>
<i>Erlent samstarf:</i>		
Erlent samstarf endurgreitt erlendis frá.....	(1.309.075)	(1.294.408)
Erlent samstarf, ferðakostnaður.....	667.491	1.839.418
Erlend félagsaðild.....	514.705	1.000.141
	<u>(126.879)</u>	<u>1.545.151</u>
<i>Innra starf og neytendamál:</i>		
Félags- og aðildargjöld.....	60.000	60.000
Fundakostnaður.....	362.449	380.647
Risna og gjafir.....	311.623	92.194
Kostnaður vegna neytendamála.....	0	478.209
Kostnaður vegna neytendaþings.....	0	1.010.609
Ráðstefnukostnaður.....	0	13.453
	<u>734.072</u>	<u>2.035.112</u>
<i>Tölvukostnaður:</i>		
Kostnaður vegna hugbúnaðar.....	496.758	869.831
Kostnaður vegna tölvubúnaðar.....	247.370	524.783
Kostnaður vegna heimasíðu.....	26.960	293.148
Neytandinn.....	5.396.823	0
	<u>6.167.911</u>	<u>1.687.762</u>
<b>Annar rekstrarkostnaður samtals</b>	<u>11.340.088</u>	<u>8.681.898</u>

## Sundurliðanir

	2017	2016
<b>Útgáfu- og dreifingarkostnaður</b>		
NBL, prentun, hönnun, setning o.fl.....	2.615.168	4.045.107
NBL, dreifingarkostnaður.....	2.044.837	2.546.544
	<u>4.660.005</u>	<u>6.591.651</u>
<b>Húsnæðiskostnaður</b>		
Húsaleiga.....	6.080.520	5.564.277
Rafmagn og hiti.....	139.136	92.746
Hreinlætiskostnaður.....	474.988	448.467
Viðhald húsnæðis.....	360.855	36.980
	<u>7.055.499</u>	<u>6.142.470</u>

